

Ed.

268. Frumvarp til laga

[144. mál]

um breyting á lögum nr. 39 19. maí 1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Flm.: Einar Ágústsson, Björn Fr. Björnsson.

1. gr.

1. málsg. 17. gr. laganna orðist svo:

Af ágóða Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins skal greiða ár hvert 2½% í sérstakan sjóð, gæzluvistarsjóð. Sjóðurinn hefur það hlutverk að standa undir kostnaði af framkvæmd laga þessara og þá fyrst og fremst að auka og reisa stofnanir þær, sem um getur í 4. og 9. gr. laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum frá 19. maí 1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, var gæzluvistarsjóði ákveðið árlegt framlag, 7½ millj. kr. af tekjum Áfengisverzlunar ríkisins af áfengissölu. Þegar þessi ákvæði voru lögleidd, nam framlagið um það bil 2.3% af gjaldstofninum. Sjóðurinn fær enn 7½ millj. kr. á ári, þótt tekjur Áfengisverzlunarinnar hafi hækkað úr 320 millj. kr. í 580 millj. kr. á síðasta ári. Framlag til sjóðsins 1968 var aðeins um 1.3% af tekjum Áfengisverzlunarinnar það ár fyrir selt áfengi. Þá hefðin 2.3%, sem Áfengisverzlunin lagði fram 1964, gert 13.3 millj. kr. til gæzluvistarsjóðs.

Efni frumvarps þessa er að breyta ákvæðum laganna í það horf, að framlag til gæzluvistarsjóðs verði eftirleiðis ákveðinn hundradshluti af tekjum Áfengisverzlunarinnar. Miðað við áfengissölu á s. l. ári mundu hafa runnið til sjóðsins um 15 millj. kr., ef ákvæði þessa frumvarps hefðu þá gilt.

Augljóst er, að vaxandi verðbólga gerir gæzluvistarsjóði ókleift að valda þeim verkefnum, sem honum eru fengin, ef ekkert verður gert til að afla honum aukinna tekna. Nú er svo komið, að langmestur hluti af ráðstöfunarfé sjóðsins gengur til að standa straum af rekstri drykkjumannaheimilisins að Akurhóli á Rangárvöllum.

Afleiðingin er sú, að ekkert fjármagn er aflögu til að sinna þeim höfuðviðfangsefnum, sem sjóðnum voru ætluð í upphafi, svo sem þeim að reisa sjúkrahús og sjúkradeildir fyrir drykkjusjúklinga, sbr. 4. gr. laganna, og bera þann aukakostnað, sem af starfsemi þeirra leiðir, sbr. 9. gr.

Ekki þarf löngu máli að eyða til rökstuðnings þess, hversu mikilvægt það er, að þeir sjúklingar, sem hér um ræðir, geti fengið beztu aðhlyningu, sem völ er á, og eru þjóðfélagsverðmætin ómæld, sem hér eru í húfi, auk þess sem þau mannlegu bágindi, sem hugsanlega er unnt að afstýra, verða ekki í tölum talin.

Nýverið hafa málefni útigöngumanna í höfuðstaðnum verið ofarlega á haugi. Meðal annars hefur borgarstjórn Reykjavíkur rætt þau ýtarlega, og af tilefni þeirra umræðna hafa fjölmiðlunartækin látið sig þessi efni varða venju fremur.

Það er vel, að almennur áhugi virðist vaknaður til úrbóta á umræddu þjóðfélagsmeini, sem áreiðanlega er víðar fyrir hendi en í Reykjavík.

Það er skoðun okkar flutningsmanna, að Alþingi eigi að sýna hug sinn til málsins með því að auka tekjur gæzluvistarsjóðs, svo sem hér er lagt til, og skapa á þann hátt skilyrði til raunhæfra aðgerða.